

Menntamálanefnd Alþingis  
Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir  
nefndarritari  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 02. apríl 2008  
2008030004/42-1-3  
JGO/jgo

## **Efni: Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um þingsályktuartillögu um prófessorsembætti, 220. mál**

Vísað er til bréfs menntamálanefndar, dags. 4. mars sl. þar sem óskað er eftir álitum Náttúrufræðistofnunar Íslands á tillögu til þingsályktunar um prófessorsembættis á sviði byggðasafna og byggðafræða (220. mál).

Náttúrufræðistofnun er sammála þeirri skoðun flutningsmanna tillögunnar að byggðasöfnin séu mikilvæg fyrir þekkingu landsmanna á lífinu í landinu og varðveislu menningararfsins. Og að miklu skipti að þau séu sett upp af alúð og tillitsemi og af mikilli vandvirkni. Byggðasöfn landsins eiga við margvíslegan vanda að stríða er lýtur að varðveislu og skráningu muna, uppsetningu sýninga og fræðslu. Rannsóknir á vegum safnanna eru mjög takmarkaðar og af þeim sökum rísa mörg þeirra ekki undir því að kallast söfn skv. skilgreiningu hugtaksins í safnalögum (nr. 106/2001). Náttúrufræðistofnun telur þess vegna brýnna að styrkja byggðasöfnin fjárhagslega og styrkja tengsl þeirra við höfuðsafnið og rannsóknastofnanir á þeirra vettvangi, en að búa til prófessorsembætti í Háskóla Íslands tengt Byggðasafninu á Skógum. Jafnframt ætti að efla kennslu í safnafræðum við Háskóla Íslands í samræmi við álit Safnaráðs. Stofnunin getur því ekki mælt með samþykkt tillögunnar.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri

